

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn, er svarar til 100—120 daga notkunar, miðað við notkunarfyrrisögn læknis. Sé ávísað magn meira en nemur 120 daga notkun, ber samlagsmanni að greiða eitt gjald, sbr. 1. málsgrein, fyrir hvert 120 daga tímabil eða brot úr því. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til lyfja til inntöku í afmældum lyfjaformum (töflur, hylki, skammtar), stungulyfja og lyfjaforma til inntöku, þar sem engin tvímæli eru um skömmtunarmagn (mixtúrur, dropar), en ekki til húðlyfja, öndunarfæralyfja né augn- og eyrnalyfja (ATC-flokkar D, R og S).

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. september 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 261/1984 um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982 og reglugerð um hámark eininga lyfjaávíšana nr. 257/1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. ágúst 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 381

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningar fyrir árið 1983.

Rekstrargjöld:	Kr.
Laun og launatengd gjöld	2 600 245,00
Annar rekstrarkostnaður	873 636,00
Gjaldfærð fjárfesting	102 553,00
	<hr/>
	3 576 434,00
Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtuþóknun	58 717,00
Endurgreiddur innheimtukostnaður	296 510,00
Vextir	1 760 628,00
Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	2 115 855,00
	<hr/>
	1 460 579,00
	<hr/>
	3 576 434,00
Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1983.	
Eignir:	
Óinnheimtar kröfur	187 068 982,00
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar	1 460 579,00
Sjóður	1 541 008,00
Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands	2 255 716,00
	<hr/>
	192 326 285,00

Skuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	135 558 532,00
Framlag Jöfnunarsjóðs	56 767 753,00
	<hr/>
	192 326 285,00

*Reykjavík, 1. júní 1984.**Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga:*

Guðm. Vignir Jósefsson, form. Hallgrímur Dalberg. Steinþór Júlíusson.
Árni Guðjónsson.

Nr. 382

30. ágúst 1984

REGLUGERÐ**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, þar með taldar bætur samkv. 19. gr., skulu hækka um 3% frá 1. sept. 1984 að telja frá því sem þær voru í ágústmánuði s. l.

Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. ágúst 1984.***Matthías Bjarnason.**

Páll Sigurðsson.